

141 unni innmúruðum pottum, hvort heldur þeir eru hafðir til þvotta eða bræðslu, 30. nóv. heldur en innmúruðum ofnum og eldstóm. Það er þannig ekki rjett, að hafa sjerstaka virðingu á innmúruðum bræðslupottum í bræðsluhúsum Höepfnersverzlunar og undanskilja þá skatti, heldur ber að virða húsin í heild sinni og heimta húsaskatt eptir virðingarverði húsanna eins og þau koma fyrir, með öllu mür- og naglföstu.

142 *Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu* 30. nóv. **um skyldu póstgufuskipanna til þess að greiða afgreiðslugjald á Vestmannaeyjum.**— Með brjefi þessu var þar að lútandi fyrirspurn sýslumannsins svarað svo, að samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl 1854 verði ekki heimtað, að skipstjórnarnir sendi skipsskjölin í land, og greiði afgreiðslugjald þó að póstskipin staðnæmist í nánd við eyjarnar og hafist þar við litla hríð til þess að ljúka pósterindum sínum og koma af sjer og taka við farþegum og flutningi, án þess að akkerum sje varpað, með því að eigi verði álitid, að skipin með þessu *hafni sig* við eyjarnar, heldur að eins þegar í höfn er farið, eða þau leggjast akkerisföst að eyjunum.

143 *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.*— 29. des. Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 5. okt. þ. á. og samkvæmt beiðni prestsins að Hofi í Álptafirði, síra Jóns Finnssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki 2000 króna embættislán uppá nefnt prestakall til endurbyggingar Hálskirkju við Hamarsfjörð, er fauk og brotnaði í spón í ofviðri 9. marz þ. á., þannig að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti sem kirkjunnar eigin tekjur ekki hrökkva til; þó er lántökuleyfið bundið því skilyrði, að helmingur lánsins verði ekki útborgaður fyr en sannað er með lögmætri skoðunargjörð, að kirkjubyggingin sje vel af hendi leyst. Lánið mun geta fengizt af landssjóði þegar þar að lútandi ráðstafanir verða gjörðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.